

HEITI VERKEFNIS:

Háannatímalíkan 2007

BAKGRUNNUR OG FORSENDI

Verkefnið er unnið í framhaldi af verkefnum “Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins frá árinu 2005” og “Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins – framhald frá árinu 2006” og felur í sér gerð umferðarlíkans fyrir háannatíma (hámarksklukkustundarumferð) fyrir árið 2007.

Umferðarlíkanið sem er afurð rannsóknarverkefna síðustu tveggja ára hefur tekið gagngerum endurbótum og er í dag miklum mun nákvæmara verkfæri en áður hefur þekkt hér á landi. Umferðarlíkan þetta er þó eins og fyrri íslensk líkön byggt upp fyrir hversdagsumferð. Notendur eru því tilneyddir að áætla háannatímaumferð frá hversdagsumferð og/eða ársdagsumferð frá hversdagsumferð með viðeigandi óvissuþáttum

Verkefnið felst í endurgerð líkans fyrir núverandi ástand sem miðist við árið 2007 háannatíma seinniparts.

Öll aðferðarfræði verður sú sama og við gerð líkans fyrir hversdagsumferð í verkefninu “Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins frá 2005 að undanskildu því að talningar verða notaðar fyrir háannatíma seinniparts og að notast verður við gögn úr nýrri miðlægri ljósastýringartölvu þar sem það á við ásamt því að unnið verður úr ferðavenjukönnun grunnfylki fyrir sama tímabil.

Endurskoða þarf einnig og yfirfara eigindi gatnans fyrir árið 2007 þannig að það uppfylli þarf líkans fyrir háannatíma hvað varðar t.d. afkastagetu.

TILGANGUR OG MARKMIÐ

Tilgangur verkefnisins er í fyrsta lagi að próa umferðarlíkan fyrir háannatíma. En háannatímaumferða er sú umferð sem nánast öll hönnun innanbæjar miðar við og eru umferðarspár erlendis nánast undantekningarlaust miðaðar við háannatímamann og ársdagsumferð síðan reiknuð út frá háannatímaumferð.

Umferðarspálíkan það sem VSÓ hefur próað í framhaldi af áður nefndum verkefnum hefur nú fengið góða reynslu og gefist vel í fjölmörgum verkefnum. Líkanið hefur verið í stöðugri þróun og hefur verið endurbætt mjög víða frá því að rannsóknarverkefnum lauk meðal annars ítarlega í Hafnarfirði, Úlfarsárdal, Mosfellsbæ og í umferðarspám í tengslum við vinnu við aðalskipulag Reykjavíkur. Sem dæmi má nefna að í líkaninu eru í dag 319 reitir en við útgáfu líkansins árið 2006 voru þeir 312.

Markmiðið er að frávik frá talningum verði <10% í estimeringsfasanum en <20% frávik frá umferðartalningum í álagsreikningaþreppinu. Þannig mun umferðarlíkanið vera mjög fullnægjandi forsenda fyrir ákvarðanatöku um framkvæmdir og/eða skipulagsáætlanir auk þess að vera betur undir það búíð að bætt verði við fjórða þreppinu í spálíkanið sem er val á ferðamáta. Ennfremur verður umferðarlíkanið búíð undir að hægt sé að byggja utan á það og bæta við atriðum eftir þörfum. Slíkar viðbætur gætu t.d. falist í seinkun á gatnamótum, forgangsakreinum, vali á ferðamáta og áhrifalíkönum fyrir t.d. loftmengun, hljóðmengun og/eða aðgengi/ hömlur gangandi og hjólandi vegfarenda í borgarumferðinni.

Meginávinningurinn felst þó í því að með því að spá fyrir um háannatíma þá liggur fyrir strax í spánni án umreikninga hvert álagið er á götum á háannatíma og í hvaða átt. Þannig er um mun betri viðmiðun að ræða þegar skoða á t.d. áhrif mismunandi skipulagstillagna eða þjónustustig einsakra götukafna eða gatnamóta.

Umferðarspár eru mikilvægur grunnur varðandi ákvörðun í samgöngu- og skipulagsmálum í þéttbýli og í nánd við þéttbýli.

Með uppsetningu á nýrri miðlægri ljósastýringartölvu opnast möguleikar á mun nákvæmari upplýsingum um núverandi umferð sem raunhæft er að ætla að geri niðurstöður estimeringar mun nákvæmari en ella.

ÁRANGUR OG BIRTING NIÐURSTAÐNA

Áfangi 1 mun skila samanburði spár við talningar sem sannreynir gæði líkansins og aðferðanna auk formúlu fyrir ferðamyndun seinniparts sem nýtist fyrir spár um framtíðarumferð á háannatíma.

Verkefnið mun skila líkani sem er hæft til að meta afkastagetu gatna og VoC (flæði sem hlutfall af afkastagetu) með miklu raunhæfari hætti en gert er í dag. Þetta er mjög æskilegt við samanburð á skipulagstillögum og sem hönnunarforsenda.

Niðurstöður verða birtar í ítarlegri greinagerð svipuðum þeim sem fylgt hafa verkefnunum “Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins frá árinu 2005” og “Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins – framhald frá árinu 2006”.

VIÐHENGI

Samantekt úr skýrslu fyrir verkefnin 2005 og 2006 er hjálögð sem viðhengi.